

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 223/2018

2021/EES/62/02

frá 5. desember 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/662 frá 27. apríl 2018 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á fuglainflúensu og Newcastle-veiki og um breytingu á VII. viðauka við tilskipun ráðsins 2005/94/EB ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins kveðið er á um í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 5a (tilskipun ráðsins 2005/94/EB) í hluta 3.1:

„— **32018 D 0662:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/662 frá 27. apríl 2018 (Stjtið. ESB L 110, 30.4.2018, bls. 134).“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir 48. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/136) í hluta 3.2:

„49. **32018 D 0662:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/662 frá 27. apríl 2018 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á fuglainflúensu og Newcastle-veiki og um breytingu á VII. viðauka við tilskipun ráðsins 2005/94/EB (Stjtið. ESB L 110, 30.4.2018, bls. 134).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/662, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 110, 30.4.2018, bls. 134.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.